

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs 13. maí 2025

- Fundargerð -

Ársfundur Stapa var haldinn á Hótel Valaskjálfi á Egilsstöðum þriðjudaginn 13. maí 2025 og hófst hann klukkan 14:00. Á fundinn mættu 87 einstaklingar fyrir utan starfs- og tæknifólk. Mættir voru 73 fulltrúar aðildarféлага og 9 fulltrúar atvinnurekenda með full réttindi á fundinum. Þá mættu einnig 5 almennir sjóðfélagar á fundinn.

Elsa Björg Pétursdóttir, formaður stjórnar, bauð fundargesti velkomna og setti fundinn og fór yfir skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins á árinu 2024 (sjá umfjöllun í lið 2a. í fundargerð). Að lokinni yfirferð um skýrslu stjórnar lagði stjórnarformaður til að um Aðalsteinn Árni Baldursson yrði fundarstjóri og var sú tillaga samþykkt.

Nýkjörinn fundarstjóri kom þessu næst í pontu og gerði að tillögu sinni að Einar Ingimundarson yrði fundarritari og samþykkti fundurinn þá tillögu. Fundarstóri þakkaði traustið fyrir sína hönd og undirritaðs fundarritara. Hann þakkaði stjórnarformanni næst fyrir sína yfirferð á skýrslu stjórnar en tók jafnframt fram að samkvæmt dagskrá hefði stjórnarformaður átt að bíða með þá yfirferð þar til búið væri að kjósa fundarstjóra og ritara. Hann kvað þetta þó ekki hafa nein áhrif á fundinn og/eða lögmæti hans. Því næst fór fundarstjóri yfir lögmæti og boðun fundarins og leitaði eftir athugasemdum um þá þætti. Engar athugasemdir komu fram og var fundurinn þar með úrskurðaður lögmætur.

Kynnti fundarstjóri því næst dagskrána sem var svohljóðandi:

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins
4. Hluthafastefna sjóðsins
5. Stjórnarkjóri lýst
6. Kosning löggilts endurskoðanda
7. Kosning utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd
8. Starfskjarastefna
9. Ákvörðun um laun til stjórnar
10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar
11. Önnur mál

Eftir að hafa kynnt dagskrána bauð fundarstjóri Jóhann Steinar Jóhannsson framkvæmdastjóra velkominn í pontu til af fara yfir ársreikning og tryggingafræðilegt mat (liðir 2.b og 2.c.).

2.a. Skýrsla stjórnar

Elsa Björg Pétursdóttir formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins árið 2024.

Í skýrslunni kom fram að árið 2024 hafi verið afar hagfelld í rekstri Stapa lífeyrissjóðs. Ávöxtun eignasafnsins var með besta móti, eða um 12% sem jafngildir 6,2% raunávöxtun. Þá hafi allir eignaflokkar sjóðsins skilað jákvæðri ávöxtun. Á ávarpi sínu vék stjórnarformaður einnig að sérstöðu réttindakerfis Stapa og sveigjanleika þess, vexti í veitingum sjóðfélagalána, umgjörð tilgreindrar séreignar o.fl.

Í skýrslunni kom fram að á starfsárinu fundaði stjórn Stapa 14 sinnum, þar af einu sinni á sérstökum vinnufundi vegna mótunar fjárfestingarstefnu.

Að lokinni yfirferð sinni flutti stjórnarformaður, fyrir hönd stjórnar, sjóðfélögum, starfsfólki og öðrum hagaðilum bestu þakki fyrir gott starf og ánægjulegt samstarf á tímabilinu og fól fundarstjóra að taka við stjórn fundarins.

2.b. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Jóhann Steinar Jóhannsson framkvæmdastjóri steig nú í pontu og kynnti ársreikning Stapa og gerði grein fyrir helstu tölum hans. Áður en Jóhann hóf yfirferð sína gat hann þess að ársskýrsla sjóðsins væri ekki gefin út á pappírformi nú frekar en síðustu ár heldur einungis rafrænt á sérstökum ársskýrsluvef. Framkvæmdastjóri gerði sérstaka grein fyrir eftirfarandi lykiltölum úr ársreikningi:

- Iðgjöld ársins 2024 voru 20.096 milljónir króna.
- Greiddur lífeyrir nam 12.372 milljónum króna á árinu.
- Fjárfestingartekjur ársins voru 44.173 milljónir króna.
- Rekstrarkostnaður nam 610 milljónum króna og hækkaði hann um 10% milli ára. Skýringa á þeirri hækkun er einkum að leita í fjölgun stöðugilda, samningsbundnum launahækkunum og einskíptiskostnaði á sviði upplýsingatækni.
- Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2024 var 430.919 milljónir króna og hækkaði um 51.610 m.kr milli ára.
- Fjárfestingar efnahagsreiknings skiptust með eftirfarandi hætti:
 - Eignahlutir í félögum og sjóðum voru 251.751 milljónir króna.
 - Skuldabréf 167.493 milljónir króna.
 - Bundnar bankainnistæður 206 milljónir króna.
 - Kröfur 4.222 milljónir króna.
 - Varanlegir rekstrarfjármunir 272 milljónir króna.
 - Handbært fé 6.976 milljónir króna.
 - Skuldir í árslok voru 395 milljónir króna.

Framkvæmdastjóri fór yfir einstaka liði ársreiknings og rekstrarþætti, birti samanburð við fyrri ár auk sundurliðunar á helstu þáttum eins og kostnaði og eignasamsetningu. Einnig fór hann ítarlega yfir þróun ávöxtunar sjóðsins, eftir deildum og niður á leiðir séreignardeildar.

Sérstaka áherslu lagði framkvæmdastjóri stöðu mála varðandi tilgreinda séreignardeild sem er sérstök tegund lífeyrissparnaðar sem á rætur að rekja til kjarasamninga frá árinu 2016 þegar iðgjald í lífeyrissjóð á almennum markaði var hækkað úr 12% í 15,5%. Meirihluta iðgjalda sem Stapi móttekur í tilgreinda séreign er vísað áfram í slíkar deildir hjá erlendum vörsluaðilum lífeyrissparnaðar. Þær deildir eru verulega kostnaðarsamar fyrir sjóðfélaga sem í þær greiða þar sem teknar eru háar þóknanir sem greiðast að stórum hluta til innlendra söluaðila/milliliða. Að mati framkvæmdastjóra og flestra sem hafa kynnt sér málin til hlítar ríkir mjög undarlegt ástand á þessum markaði þar sem svo virðist sem innlendir milliliðir hafi fundið leið til að selja erlenda „vöru“ fyrir háar sölupóknanir og nýta til þess innviði íslenska lífeyriskerfisins.

2.c. Tryggingafræðilegt mat

Framkvæmdastjóri kynnti þessu næst tryggingafræðilegt mat, sem unnið var af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi, og fór yfir forsendur og aðferðarfræði að baki því. Niðurstaða matsins er sú að heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 6%.

Þessu næst fór framkvæmdastjóri nokkuð ítarlega yfir hugmyndir stjórnvalda um breytingar á almannatryggingakerfinu og fjármögnun þeirra en hún byggir m.a. á því að fella niður framlög ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða.

Að því búnu kom Jóna Finndís Jónsóttir forstöðumaður réttindasviðs Stapa í pontu og fór yfir víxlverkanir lífeyrissjóða og almannatrygginga.

Eftir kynningu á ársreikningi og tryggingafræðilegu mati gaf fundarstjóri orðið laust. Hann gat þess að reikningurinn væri lagður fram til kynningar og umræðu ekki til eiginlegrar samþykktar líkt áður tíðkaðist.

Einn fundarmaður kvað sér hljóðs og bar upp tvær spurningar/ábendingar. Í fyrsta benti viðkomandi á að lög um kynrænt sjálfræði hefðu tekið gildi 2019 og sneri spurningin/ábendingin að því hvort og hvernig sjóðurinn hefði tekið mið af þessum lögum í starfseminni, t.d. hvort litið væri fleiri en tveggja kynja. Framkvæmdastjóri svaraði spurningunni á þá leið að stjórnendur sjóðsins væru meðvitaðir um umrædd lög og efni þeirra. Hins vegar byggðu allir útreikningar á tryggingafræðilegri stöðu o.þ.h. á staðalforsendum Fjármálaráðuneytisins og í þeim væri enn byggt á tveimur kynjum. Hins vegar telur framkvæmdastjóri að jafnvel þó svo að tekið væri meira tillit til þessa í staðalforsendum myndi það hafa lítil áhrif þar sem um hlutfallslega mjög fáa einstaklinga er að ræða sem ekki falla að núverandi forsendum. Síðari spurning fyrirspyrjanda var um það hversu vel í stakk búinn sjóðurinn væri til að bregðast við áskorunum tengdum upplýsingatækni og gervigreind, m.a. í ljósi mikillar og örrar þróunar á þeim sviðum. Framkvæmdastjóri kvað sjóðinn ágætlega undirbúinn fyrir slíkar áskoranir og búið væri að vinna mikið í þessum málum undanfarin misseri, starfsmenn væru meðvitaðir um helstu ógnir og að nú væri í gangi væri vinna við að innleiða þær kröfur sem gerðar eru í Evrópureglugerð um stafrænan viðnámsþrótt (DORA reglugerð).

Ekki bárust fleiri spurningar frá fundargestum varðandi ársreikning, skýrslu stjórnar eða tryggingafræðilega matið og skipti fundarstjóri því í næsta dagskrárlið og bauð Óla Þór Birgisson (ÓPB), forstöðumann eignastýringarsviðs, velkominn á svið.

3. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Í kynningu sinni fór Óli Þór yfir ávöxtun sjóðsins á árinu 2024 og fjallaði um eignaflokka sem og þróun eignasafns sjóðsins undanfarin ár. Þá yfirfór hann einnig forsendur fjárfestingarstefnu, þar á meðal fjárfestingarmarkmið sem og fjárfestingarheimildir ársins.

Í ljósi þess að nokkuð er liðið á árið 2025 gerði hann einnig grein fyrir ávöxtun og þróun eignasamsetningar fyrstu fjóra mánuði þessa árs. Árið 2024 var sjóðnum hagfelld og var nafnávöxtun ársins jákvæð um tæp 12% og raunávöxtun 6,3%. Árið 2025 hefur hins vegar ekki farið jafn vel af stað sem einkum skýrist af miklum óstöðuguleika og yfirvofandi tollastríði. Nafnávöxtun fyrstu fjögurra mánaða ársins er neikvæð um 3,1%. Allra síðustu vikur hefur þróunin þó verið jákvæð og mögulega er hlutirnir að þokast í rétta átt á ný.

Að lokinni kynningu á fjárfestingarstefnu gaf fundarstjóri orðið laust um fjárfestingarstefna. Einn fundargestur bar upp spurningar um það hvort sjóðurinn hefði fjárfesti eitthvað í góðmálum og hvort unnið væri að því að lækka/selja eignir í bandarískum fyrirtækjum og sjóðum. ÓPB svaraði því til að sjóðurinn ætti eitthvað lítilræði í gulli (sjóðum sem fjárfesta í gulli) en ekki væri á dagskrá að fjárfesta meira í góðmálum á allra næstu misserum. Varðandi það að draga úr þunga/hlutfalli erlendra fjárfestinga sem eru í Bandaríkjunum kvað ÓPB fjárfestingar þar m.a. skýrast af því að það er markaður sem starfsmenn þekkja vel og hefur gefið góða ávöxtun í gegnum tíðina. Hins vegar væri nú um stundir

verið að leggja töluverða vinnu í að greina aðra markaði og skoða aðra kosti en þann bandaríska hjá starfsmönnum eignastýringar. Skýrist það meðal annars af ótryggu ástandi í bandarískum stjórnmálum.

Ekki bárust fleiri spurningar úr sal og var því farið í næsta dagskrárlið.

4. Hluthafastefna sjóðsins

Þessu næst gerði framkvæmdastjóri stuttlega grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins og framkvæmd hennar. Hluthafastefnan tilgreinir hvernig sjóðurinn hagar sér sem hluthafi í þeim félögum sem fjárfest hefur verið í. Í yfirferð sinni gerði framkvæmdastjóri sérstaklega grein fyrir þróun stefnunnar frá því að hún var fyrst sett árið 2015.

Að lokinni yfirferð á hluthafastefnu var opnað fyrir spurningar á ný en engar bárust.

5. Skipan stjórnar

Fundarstjóri gerði næst grein fyrir niðurstöðu vals fulltrúaráðs á stjórnarmönnum Stapa og varamönnum fyrir næsta starfsár.

Stjórn Stapa 2025-2026 er þannig skipuð:

Frá atvinnurekendum

- Elín Hjálmsdóttir (kosin til 2026)
- Tryggvi Þór Haraldsson (kosinn til 2026)
- Kristinn Kristófersson (kosinn til 2027)
- Elsa Björg Pétursdóttir (kosin til 2027)

Frá launþegum

- Guðný Hrunn Karlsdóttir (kosin til 2026)
- Þórarinn Sverrisson (kosinn til 2026)
- Björn Snæbjörnsson (kosinn til 2027)
- Sigríður Dóra Sverrisdóttir (kosin til 2027)

Varamenn í stjórn Stapa eru eftirtaldir:

Frá atvinnurekendum

- Páll Snorrason, Garðabæ (kosinn til 2026)
- Guðrún Ingólfssdóttir, Höfn (kosin til 2027)

Frá launþegum

- Gunnhildur Imsland (kosin til 2026)
- Heimir Kristinsson (kosinn til 2027)

6. Kosning löggilts endurskoðanda

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að KPMG ehf. verði endurskoðunarfyrirtæki sjóðsins á árinu 2025. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

7. Kosning utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að Ragna Hrund Hjartardóttir verði kosin sem utanaðkomandi aðili í endurskoðunarnefnd Stapa. Ragna hefur setið í nefndinni síðustu ár og er formaður hennar. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

8. Starfskjarastefna

Jóhann Steinar, framkvæmdastjóri, kynnti starfskjarastefnu Stapa fyrir ársfundinum. Stefnan er lítillega breytt frá fyrra ári og felst sú breyting í því að búið er að skerpa á því að sjóðurinn greiði ekki kaupauka einshvers konar árangurstengdar greiðslur til starfsmanna. Framkvæmdastjóri áréttaði að kaupaukar hafi aldrei verið greiddir og engar hugmyndir hafi verið um slíkt.

Að lokinni kynningu framkvæmdastjóra á starfskjarastefnu Stapa var orðið gefið laust og þá kvað einn fundarmaður sér hljóðs og lýsti ánægju með breytingatillöguna og taldi hana góða framför frá fyrra orðalagi. Að svo búnu var framlögð starfskjarastefna samþykkt.

9. Laun stjórnar og nefnda

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu nefndar um laun stjórnar fyrir næsta starfsár. Tillaga nefndarinnar er að stjórnar- og nefndarlaun Stapa hækki um 3,5% á milli áranna 2024 og 2025.

Við mat á hækkunum var tekið mið af forsendum kjarasamninga, ábyrgð og umfangi starfa viðkomandi aðila og samanburði við laun sambærilegra nefnda og stjórna annarra lífeyrissjóða

Miðað við framangreinda tillögu verði laun stjórnarmanna eftirfarandi:

- Laun stjórnarmanns: 94.232 kr. pr. mán og 62.820 kr. fyrir mætingu á fund.
- Formaður stjórnar: 188.463 kr. pr. mán og 125.642 kr. fyrir mætingu á fund.
- Varaformaður stjórnar: 141.346 kr. pr. mán og 94.232 kr. fyrir mætingu á fund.
- Varamaður í stjórn: 78.525 kr. pr. mætingu á fund.

Þá verði laun nefndarmanna eftirfarandi:

- Nefndarmenn endurskoðunarnefndar 59.019 kr. á mánuði.
- Formaður endurskoðunarnefndar 118.038 kr. á mánuði.

- Nefndarmenn nefndar um laun stjórnar 157.050 kr. fyrir starfsárið.
- Formaður nefndar um laun stjórnar 235.576 kr. fyrir starfsárið.

Eftir að fundarstjóri hafði kynnt tillöguna gaf hann orðið laust um hana og bárust engar athugasemdir og hún því samþykkt.

10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar.

Kynnt var tillaga að skipan fjögurra manna nefndar um laun stjórnar starfsárið 2025 - 2026. Tillagan gerir ráð fyrir að frá launþegum komi næsti stjórnarformaður Stapa og Ósk Helgadóttir en frá atvinnurekendum komi Anna María Kristinsdóttir og Geir Kristinn Aðalsteinsson. Engar aðrar tillögur hafa komið fram og er því sjálfkjörið í nefndina.

11. Önnur mál

Fundarstjóri gat þess að engar tillögur eða mál hafi verið lögð fram til að ræða undir þessum lið en hann gaf orðið laust ef einhver fundarmann vildi bera upp erindi eða koma einhverjum athugasemdum á framfæri við fundinn. Enginn fundarmaður bað um orðið og fundarstjóri þakkaði starfsmönnum Stapa því næst fyrir vel unnin störf í þágu sjóðsfélaga og bar svo upp tillögu um að honum og fundarritara yrði veitt heimild til að ganga frá fundargerð og komu engar athugasemdir við það. Bauð hann síðan fráfarað formanni stjórnar í pontu á ný til að slíta fundi. Formaður kom síðan upp og þakkaði fundargestum fyrir komuna og fundarstjóra fyrir rögg sama fundarstjórn og góðan fund. Að svo búnu sleit formaður fundi kl. 15:47.

Fundarstjóri:

Aðalsteinn Árni Baldursson

Fundarritari:

Einar Ingimundarson

Undirritunarsíða

Fundarritari
Einar Ingimundarson

Fundarstjóri
Aðalsteinn Árni Baldursson